

## Ársskýrsla Bókasafns Grindavíkur fyrir árið 2001

### Bókasafnsstjórn

Dóra Birna Jónsdóttir, formaður, Guðfinna Bogadóttir, varaformaður, Magnea Böðvarsdóttir, ritari og A. Ingibjörg Grétarsdóttir meðstjórnandi.

### Starfsfólk

Breytingar urðu á starfslíði safnsins í nóvember, þegar Sigurbjörg Bjarnadóttir hætti, en hún var í 75% stöðu bókavarðar. Er henni þakkað mjög gott starf. Við tóku þær Fanney Pétursdóttir og Sigrún G. Jónsdóttir, báðar í 40% stöðum bókavarða. Stöðugildi safnsins jukust því á árinu úr 1,75 í 1,80. Forstöðumaður er Margrét R. Gísladóttir.

### Safnkostur

Bókakostur er rúmlega 12.800 bindi (var aukinn um rúmlega 600 eintök á árinu, en á móti kemur að afskráðar voru glataðar og ónýtar bækur, um 300 eintök). Að auki eru tímarit, tölvudiskar, nokkrar hljóðbækur, myndbönd og snældur. Rafræn gögn eru nú tæplega 290 eintök í allt, ef með eru taldar þær hljómplötur (um 100) sem til eru. Ein tölva er til almenningsnota.

### Þjónusta

Bætt hefur verið við tölvudiskaeign safnsins, þá sérstaklega tungumálanámskeið, en ýmislegt annað efni líka.

Á heimasíðu bókasafnsins, [www.grindavik.is/bokasafn](http://www.grindavik.is/bokasafn), undir [hvar.is](http://hvar.is), geta allir skoðað frítt hin ýmsu innlendu og erlendu gagnasöfn. Þar er hægt að leita upplýsinga um fjölmargt, og fá bæði útdrátt og /eða heilar greinar um hið fjölbreyttasta efni.

Í nóvemberlok fékkst leyfi til þess að nýta sal bæjarstjórnar sem lesaðstöðu fyrir stúdenta í nokkra tíma á viku. Nýting var ekki mikil að þessu sinni, en aðstaðan verður vonandi fyrir hendi næsta árið og metin að því loknu, með tilliti til nýtingar.

Undirbúningur að sögustundum barna er hafin, en þær verða vikulega yfir vetrar-tímamann og hefjast í janúar á nýju ári.

### Útlán og talning á komum

Útlán á árinu voru um 13.100 eintök og jukust því nokkuð frá síðasta ári, eða um tæplega 1.600 eintök. Skipting safnkosts í útláni var eftirfarandi: skáldsögur rúmlega 6500, barnabækur um 2200, fræðslubækur, ævisögur og bækur um ýmis efni voru um 3000 og tæplega 1400 tímarit, hljóðbækur, myndbönd og snældur.

Við tiltekt í lánþegaskránni fækkaði þar nokkuð, þrátt fyrir að nýir komi stöðugt inn og nú eru rúmlega 1300 lánþegar á skrá. Því má segja að hver lánþegi hafi að jafnaði fengið 10 bækur lánaðar á árinu.

Komur á bókasafnið voru taldar að jafnaði eina viku í hverjum mánuði og kom í ljós að nokkur stígandi er í gestafjölda, þ.e. 187 að meðaltali á viku yfir árið. Yfir vetrar-mánuðina er meðaltalið hærra, eða rúmlega 200 manns á viku, en það er þó nokkur lægð yfir sumartímenn eða um 160 heimsóknir á viku, (þá er styttri afgreiðslutími). Í desember komu 232 vikuna sem talið var, eða um 46 manns á dag.

### **Viðburðir á árinu**

**Bókavikan** stóð yfir dagana 17. - 23. apríl. Þema vikunnar var ljóð og fengu allir sem komu í heimsókn á bókasafnið heimatilbúin bókamerki með ljóðum á.

Á **Degi Bókarinnar**, mánudaginn, 23. apríl var bæjarbúum boðið til ljóða- og tónlist-ardagskrár í sal bæjarstjórnar. Þar fluttu eigin ljóð þau Ágústa Mist Gunnarsdóttir (10 ára), Birgir Hermannsson og Jón Gauti Dagbjartsson. Einnig las Einar Njálsson, bæjarstjóri upp ljóð eftir nokkur af okkar ástsælustu skáldum. Eiríkur Már Reynisson (gítar), Elín Guðmundsdóttir (píanó) og Hrefna Betty Valsdóttir (gítar), öll nemendur í Tónlistarskóla Grindavíkur, sáu um tónlistina. Léttar veitingar voru í boði bókasafnsins. Rúmlega 40 manns sóttu dagskrána.

### **Ljósmyndasýning í ágúst**

Grindvísk og hollensk ungmenni, á vegum Félagsmiðstöðvarinnar þrumunnar, settu upp eigin ljósmyndasýning á ganginum framan við Bókasafnið. Voru Bókasafnið og Grindavíkurbær sameiginlegir gestgjafar sýningarinnar.

Sýningin hófst þann 21. ágúst og stóð út mánuðinn. Við formlega opnun sýningarinnar færðu hollensku ungmennin bókasafninu að gjöf nokkrar hollenskar bækur. Sýnendum var boðið til léttis hádegisverðar í sal bæjarstjórnar, sem þakklætisvott fyrir framtakið og gjafirnar.

**Vika símenntunar** var haldin 3.-9.september. Þema vikunnar var **Ísland og umheim-urinn - tungumál og tölvukunnátta**. Þá viku var lánþegum Bókasafnsins gert kleyft að skoða í tölvu og reyna hin ýmsu tungumálanámskeið sem til eru á tölvudiskum. Einnig var kynning á öllum gögnum í eigu safnsins sem nýtast til sjálfsnáms í tungu-málum og til að vinna við tölvu. Bæklingar um námsframboð og hin ýmsu námskeið sem í boði voru um veturinn (í nágrenni Grindavíkur), lágu frammi.

**Norræna bókavikan** stóð yfir dagana 12. til 18. nóvember. Þema vikunnar var **Orð og tónar í Norðri**. Alla vikuna var boðið upp á hressingu (kaffi og djús), fyrir bóka-safnsgesti.

**Dagur íslenskarar** tungu lenti innan vikunnar, og þá var boðið upp á stutta dagskrá í samvinnu við Grunnskólann. Fjórir nemendur úr 6. bekkjum skólans lásu smásögur og ljóð, sem þau höfðu valið sjálf. Þau voru: Elka Mist Káradóttir, Gréta Halldórs-dóttir, Jón Ágúst Eyjólfsson og

Sólveig D. Jónsd. Einnig las Ágústa Hermannsdóttir eigin ljóð. Upplsturinn tókst með ágætum og var öllum þakkað fyrir með lófaklappi og smágjöf frá Bókasafninu. Síðan var gestum boðið upp á léttu hressingu.

**Í desember**, þann 13., kom Helga Arnalds í heimsókn með **JÓLALEIK**. Sýningin fór fram í sal bæjarstjórnar og var n.k. upphaf sögustunda á bókasafninu. Um 25 manns, fullorðnir og börn, nýttu sér þetta boð bókasafnsins.

Gert í janúar 2002,  
Margrét R. Gísladóttir  
forstöðumaður Bókasafns Grindavíkur.